

## **228. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 28. febrúar 2025**

Mætt: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir (fulltrúi nemenda), Ellý Tómasdóttir (skipuð af ráðherra), Fríða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Samúel Örn Erlingsson (skipaður af ráðherra) Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna, á Teams), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari), Soffía Sveinsdóttir (skólameistari).

Gestur á fundi: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri).

Formaður skólanefndar setti fundinn kl. 13:00

### **Dagskrá:**

1. Tölfræði vorannar (Björgvin)
2. Dagatal skólaársins 2025 – 2026 (til upplýsingar)
3. Hvernig gekk að ljúka haustönn/hefja vorönn (í ljósi verkfalls)
4. Minnisblað um Reyki til MRN (til upplýsingar)
5. Heimavist
6. Kennsla í fangelsum
7. Félagslíf nemenda

### **1. Tölfræði vorannar – Björgvin**

Áfangastjóri fór yfir helstu tölfræði vorannar. Nemendafjöldi í dagskóla er 923, þar af 44 nýir nemendur sem voru ekki á haustönninni. Nýnemar sem halda áfram eru 280 talsins.

Allt í allt eru skráðir nemendur við skólann 1085 talsins. Þá kom fram að rétt tæplega helmingur nemenda í dagskóla eru með skráð lögheimili á Selfossi. Fjölmennasta námsbrautin er áfram opin lína stúdentsbrautar. Umræða um kynjaskiptingu nemenda á brautum. Þá kom fram að það séu tæplega 500 námshópar nemenda.

Umræða um fjölda nemenda, húsnæði skólans og framlag til skólans næsta vetur.

Skólameistari greindi frá því að nú sé í gangi vinna við að útbúa reglur um námsframvindu nemenda til að forgangsraða betur í þágu nemenda sem sinna náminu og ljúka lágmarks fjölda eininga á hverri önn.

### **2. Dagatal skólaársins 2025 – 2026 (til upplýsingar)**

Skólameistari kynnti samþykkt dagatal næsta skólaárs sem hefur verið birt á heimasíðu skólans. Umræða um fjölda nemendadaga, en þeir eru 180 yfir skólaárið.

### **3. Hvernig gekk að ljúka haustönn/hefja vorönn (í ljósi verkfalls)**

Skólameistari sagði frá því hvernig gekk að ljúka haustönninni. Það sem kom skólameistara mest á óvart var fjöldi leyfisbeiðna vikunnar fyrir jól.

Umræða um hvernig gekk að semja við KÍ um lok haustannar gagnvart kennurum en sú leið var unnin í samráði við menntamálaráðuneytið.

#### **4. Minnisblað um Reyki til MRN (til upplýsingar)**

Skólameistari sagði frá minnisblaði sem hún vann um stöðu mála gagnvart garðyrkjunáminu og skilaði til ráðherra 13. febrúar sl.

Í minnisblaðinu er samantekt á ferli málsins frá því að garðyrkjunámið færðist yfir til FSu, hvað hefur verið gert, hvað á eftir að gera og jafnframt tillögur hennar á því hvað eigi að gera. Ef garðyrkjunámið verður áfram undir umsjón FSu er mikilvægt að unnin verði stefnumótandi vinna og aukið fjármagn sett í námið. Þá þurfi einnig að fá frá ráðuneytinu og atvinnulífinu álit þeirra á námskrá og námsframboði garðyrkjuskólans.

#### **5. Heimavist (SSV)**

Umræða um heimavist skólans, núverandi stöðu og framhald á heimavist við skólann. Skólameistari greindi frá því að samningur við núverandi umsjónaraðila hefði verið framlengdur um eitt ár. Umræða um möguleika fyrir heimavist til frambúðar.

#### **6. Kennsla í fangelsum**

Skólameistari sagði frá breytingum á samsetningu nemendahópsins í fangelsum sem skólinn sinnir. Það hefur áhrif á ýmislegt í starfsemi skólans í fangelsunum, svo sem námsframboð og fleira.

#### **7. Félagslíf nemenda**

Formaður nemendafélagsins sagði frá árshátíð nemendafélagsins sem var 12. febrúar sl. Hún gekk vel, aðsókn góð (um 400 miðar seldir). Hinsegin viku er að ljúka í dag. Kátir dagar og Flóafár verður um miðjan mars.

#### **8. Önnur mál**

Jón G. Valgeirsson, sem hefur setið í skólanefnd í 13 ár, þakkar fyrir ánægjulegt samstarf á þessum vettvangi. Fráfarandi skólanefnd sem lýkur sínum skipunartíma 13. mars nk. er þakkað fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Fundi slitið kl. 14:19  
Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.